

ABSTRACT

Bias in Science

Underdetermination, Inductive Risk, and Theoretical Discovery

Feminist philosophers of science have argued that various biases can and do influence the results of scientific investigations. Two kinds of arguments have been most influential: On the one hand, it has been argued that biased assumptions frequently bridge the gap between observation and theory associated with ‘the underdetermination thesis’. On the other hand, it has been argued that biased value judgments determine when the evidence in favor of a particular theory is considered sufficiently strong for the theory to be accepted as true. This paper argues that bias can influence the results of scientific investigations via a third route. Briefly, biases can and do influence which theories are seriously proposed and considered in scientific communities, which in turn leads to otherwise promising theories being ignored when scientists are choosing between such theories. In the final section, I suggest that this result speaks in favor of taking a quite radical approach to eliminating unwanted biases in science.

Keywords: Bias in science, scientific objectivity, underdetermination of theories, inductive risk, context of discovery.

EIRÍKUR SMÁRI SIGURÐARSON

Í ljósi sögu og heimspeki

Tvær tegundir rannsókna á manninum

I

„Þó menn byggðu hús sín á sandi alls staðar í heiminum væri ekki hægt að leiða af því að svo ætti að vera.“¹ Svo ritaði enski 17. aldar heimspekingurinn Thomas Hobbes í höfuðverki sínu, *Leviathan*. Orðin lýsa algengri skoðun á muninum á sögu og heimspeki og markmið Hobbes var einmitt að draga þennan mun fram á skýran og ögrandi hátt.² Sagan segir frá því sem hefur verið en hún getur ekki sagt hvað á að vera, hún segir frá því sem fólk hefur gert en ekki hvað það á að gera. Það getur heimspekin hins vegar gert. Svar sagnfræðinnar við þessari gagnrýni er að halda því fram að heimspekin sé úr tengslum við raunveruleikann, að hún fáist við kenningar eða tilgátur sem skipta enga aðra en heimspekingana sjálfa máli. Pessa gagnkvæmu gagnrýni finnum við strax við upphaf heimspeki og sagnfræði á Vesturlöndum, á 5. og 4. öld fyrir okkar tímatal þegar þessar fræðigreinar voru að verða til.³ Þær mótaðst hvor af annarri, bæði í andstöðu hvor við aðra en líka í tilraunum til að gera heimspekina sögulegri og söguna heimspekilegri. Hér á eftir mun ég gera tilraun til að greina þessa þróun og hvernig fræðigreinarnar mótuðust í samspili hvor við aðra.

Hobbes er sjálfur forvitnilegur í þessu samhengi því hann var enginn áhugasagnfræðingur. Fyrsta verkið sem hann gaf út var þýðing á *Sögu Pelopseyjarstríðsins* eftir forngrískra sagnaritarann Þúkýdíðes, og síðasta

¹ Thomas Hobbes, *Leviathan*, ritstj. Noel Malcolm, The Clarendon Edition of the Works of Thomas Hobbes, Oxford: Oxford University Press, 2012 [1651], bls. 320, línu 28 til bls. 322, línu 5. Allar þýðingar í greininni eru höfundar, nema annað sé tekið fram.

² Ég mun nota orðið „saga“ jöfnum höndum um sögu, sagnfræði og sagnaritun allt eftir samhengi (þó ég noti hin orðin stundum líka).

³ Allar tilvísanir í tíma eru fyrir okkar tímatal (f.o.t.), nema annað sé tekið fram.

verkið sem kom út eftir hann var *Behemoth*, frásögn af ensku borgarastyrjöldinni.⁴ Hugsun Hobbes og kenningar hans um eðli samfélags og stjórnmála eru nátengdar sögulegri greiningu atburða og sagnaritarinn sem hann lítur mest upp til – Þúkýdídes – er einmitt sá sem gengur hvað lengst í að gera söguna heimspeikilega (og þá er ég ekki bara að hugsa um sagnaritara í fornöld heldur alla tíð).⁵

Þúkýdídes er þó ekki sá sem við rekjam upphaf sagnaritunar til. „Faðir sögunnar“ er Heródótos, sem ritaði um innrás Persa og sigur Grikkja á þeim (490 og 479). Heródótos er sá sem oftast er vísað til um upphaf sagnaritunar á Vesturlöndum, þó þeirri heiðursnafnbót hafi jafnan fylgt niðrandi athugasemd um óáreiðanleika hans. En Heródótos var auðvitað ekki fyrstur til að skrifa um fortíðina eða til að safna og miðla kerfisbundið upplýsingum um hana. Hann var hins vegar sá fyrsti til að kenna verkefnið við *historiē* (ιστορίη) – en saga, sagnfræði og sagnaritun eru íslenskar útgáfur af þessu orði.⁶ Frá Heródótosar höfum við nafnið og að verulegu leyti skilninginn á því hvað saga er. Andstaða Þúkýdídesar við sagnaritun Heródótosar gefur sögunni síðan nýja vídd og hann hefur almennt verið talinn, sérstaklega af „vísindalegum“ sagnfræðingum 19. og 20. aldar, fyrsti alvöru sagnfræðingur Vesturlanda. Þúkýdídes notar aldrei *historiā* eða önnur orð af sama stofni, ekki frekar en hann minnist nokkru sinni á Heródótos í verki sínu. Hins vegar er hann augljóslega undir áhrifum frá honum og ekki ólklegt – raunar almennt viðurkennt – að hann sniðgangi *historiā* einfaldlega til að gera skilin milli sín og Heródótosar skarpari.⁷ Þegar Aristóteles dregur upp mynd af sagnfræði í *Um skáldskaparlistina* (köflum 9 og 23) og ber saman við harmleikinn (sem samkvæmt honum

⁴ Verkið, sem er í formi fjögurra samtala, kom ekki út fyrr en að Hobbes látnum. Sjá Thomas Hobbes, *Behemoth, or the Long Parliament*, ritstj. Paul Seaward, The Clarendon Edition of the Works of Thomas Hobbes, Oxford: Oxford University Press, 2010 [1682], bls. 15–16.

⁵ Um Hobbes og afstöðu hans til Þúkýdídesar sjá t.d. Jonathan Scott, „The Peace of Silence. Thucydides and the English Civil War“, *Oxford Readings in Classical Studies: Thucydides*, ritstj. Jeffrey S. Rusten, Oxford: Oxford University Press, 2009 [1996], bls. 405–433.

⁶ *Historiē* er jóníkska myndin af orðinu. Í framhaldinu mun ég oftast nota attísku myndina, *historiā* (ιστορία), en jónísku myndina þegar við á.

⁷ Zacharias Rogkotis, „Thucydides and Herodotus. Aspects of their Intertextual Relationship“, *Brill's Companion to Thucydides*, ritstj. Antonios Rengakos og Antonios Tsakmakis, Leiden, Boston: Brill, 2006, bls. 57–86. Rogkotis færir rök fyrir mun nánari tengslum Þúkýdídesar og Heródótosar en flestir aðrir fræðimenn og telur lítið hægt að lesa úr þögn Þúkýdídesar.

er heimspekilegri en sagan) þá nefnir hann Heródótos – en notar þó dæmi sem liggar miklu nær Þúkýdídesi og umfjöllunarefni hans. Hjá Aristótelesi, um miðja 4. öld, eru þeir tveir augljós dæmi um sagnfræðinga.

Við getum þannig í fyrstu tilraun staðsett upphaf sagnfræðinnar hjá Heródótos og á sama hátt getum við staðsett upphaf heimspekinnar hjá Platon.⁸ Platon skipulagði skóla í kringum það sem hann kallaði *filosofía* (φιλοσοφία), í harðri samkeppni við aðra sem vildu líka kenna *filosofía*. Heimspeki (eða *filosofía*) eins og hún er kennd og rannsokuð á Vesturlöndum og víðar í dag á sér óslitna sögu sem má rekja aftur til Platons og þessa sögulega atburðar. Sagnfræði og heimspeki eiga sér því samfellda rannsóknna- og kennsluhefð á Vesturlöndum sem má rekja aftur til 5. og 4. aldar. Greinarnar hafa verið stundaðar og þekktar undir þessum nöfnum allt frá þeim tíma. Vissulega hefur mikið breyst frá tínum Heródótosar og Platons en þeir eru hvor á sinn hátt teknir alvarlega enn þann dag í dag.⁹

Historiā er ekki bara orð sem haft er um sögu í fornöld og fram á okkar daga heldur er það líka notað um rannsóknir á náttúrunni, sérstaklega rannsóknir á dýrum og plöntum. Rannsóknir á náttúrunni eru í fornöld oft kallaðar *hē peri fuseōs historiā* (ἡ περὶ φύσεως ιστορία), en þessi nafngift virðist ekki koma til fyrr en með Platon og er í kjölfarið heimfarð upp á verk eldri fræðimanna. Í eldri heimildum (þ.e. frá því fyrir daga Platons) er *historiā* notað um rannsóknir af ýmsu tagi og erfitt að sjá að rannsóknir á einu viðfangsefni liggi nær merkingu þess en rannsóknir á öðru. Síðar, og allt fram á okkar daga, var hins vegar algengt að nota *historiā* til að lýsa empírískri hlið rannsókna fyrstu heimspekinganna og því stundum haldið fram að Heródótos hafi tekið við hefð náttúrurannsókna og beitt á fortíðina. Líklegra er að þessar rannsóknahefðir hafi þróast saman, að ekki hafi verið til nein vel skilgreind eða afmörkuð hefð náttúrurannsókna þegar Heródótos hófst handa við verk sitt. Tengslin milli „náttúrurannsókna“ og „sögulegra rannsókna“ voru líka mun nánari en þau síðar urðu og

⁸ Sbr. Andrea Wilson Nightingale, *Genres in Dialogue. Plato and the construct of philosophy*, Cambridge: Cambridge University Press, 1995. Ég kem nánar að þessu síðar.

⁹ Það er ekki fyrr en líða fer á 20. öldina sem Heródótos fær uppreisn æru. Að flokka Heródótos á kvarða fræðanna er alls ekki einfalt. Verkið sem eftir hann liggar er á mörkum sagnfræði, mannfræði, þjóðfræði og landfræði – til að beita heitum nokkurra fræðigreina í dag – og það er einmitt með því að taka hann úr þróngum ramma sagnfræðinnar og lesa í ljósi þeirra flóknu heimilda sem hann vann með að verkið birtist í jákvæðara ljósi en almennt hafði verið.

varla hægt að tala um tvær tegundir rannsókna fyrr en miklu seinna. Þetta sjáum við hjá Aristótelesi, en hjá honum eru upplýsingar um náttúruna að stórum hluta fengnar af frásögnum annarra, rétt eins og sögulegur fróðleikur Heródótosar er að stórum hluta fenginn af frásögnum annarra.

Markmið þessarar greinar er að kanna hvernig heimspeki og saga mótuðust í samspili hvor við aðra í andlegum hræringum hins klassíkska Grikklands.¹⁰ Aðferðin sem ég mun beita er að vissu leyti einföld. Ég geng út frá orðunum – *historia* og *filosofia* – og þróuninni sem leiddi til þess að einmitt þessi orð urðu nöfn greinanna sem við þekkjum í dag.¹¹ Orðin hafa nokkuð sérstaka stöðu í sögu fræðanna. Það mætti kalla þau *Grundbegriffe*, *explicit categories* eða *mot carrefour* – til að nefna þrjá möguleika úr nýlegum túlkunarfræðum sem öll leggja mikla áherslu á notkun orða fyrir hugmyndasögulega greiningu. „Grundbegriff“ eða „grunnhugtak“ er orð sem safnar á sig merkingu sem það fær í ákveðnu sögulegu samhengi þannig að orð og hugtak verða eitt, og orðið verður óhjákvæmilegt fyrir umræður á ákveðnu sviði;¹² „explicit category“ eða „orðað hugtak“ er notað um orð sem í ákveðnu samhengi, oft í deilu um yfirráð yfir sviði þekkingar, er notað til að merkja hóp, skoðun eða safn skoðana á einhvern hátt – jákvætt eða neikvætt – þannig að það verður óhjákvæmilegt að bregðast við þessari orðuðu hugmynd í kjölfarið og deila um hana;¹³ „mot carrefour“ eða

¹⁰ Góð umfjöllun um mótun faggreina í fornöld (Grikklandi, Kína, Indlandi og Mesópotamíu) er hjá Geoffrey E. R. Lloyd, *Disciplines in the Making. Cross-Cultural Perspectives on Elites, Learning, and Innovation*, Cambridge: Cambridge University Press, 2009. Um muninn á „fræðum“ og „víssindum“ og um afmörkun fræðigreina og víssindagreina sjá Kristján Árnason, „Um íslensk fræði“, *Skírnir* 2/2015, bls. 397–423.

¹¹ Rannsóknin er auðvitað takmörkuð við varðveitta texta, sem eru aðeins brot af því sem var ritað á sínum tíma. Rétt er að taka fram strax, þó ég komi að því hér á eftir líka, að ég mun ekki bara byggja á þessum orðum heldur líka orðum af sama stofni: *filosof-* og *histor-*.

¹² Reinhart Koselleck, einn af aðalritstjórum handbókar um söguleg grunnhugtök (*Geschichtliche Grundbegriffe*) sem kom út á árunum 1972–1997, er helsti kennismiður grunnhugtaka sem tækis til að skrifa sögu hugmynda. Koselleck gefur skýra lýsingu á aðferðinni í „A Response to Comments on the *Geschichtliche Grundbegriffe*“, *The Meaning of Historical Terms and Concepts. New Studies on Begriffsgeschichte*, ritstj. Melvin Richter og Hartmut Lehmann, Washington D.C.: German Historical Institute, 1996, bls. 59–70, hér bls. 64. Sjá líka J. G. A. Pocock, „Concepts and Discourses. A Difference in Culture? Comment on a Paper by Melvin Richter“, sama rit, bls. 47–58.

¹³ Þessi aðferð er oft kenndi við „Cambridgeskólann“ og Quentin Skinner, en fyrir fornöldina hefur Geoffrey E. R. Lloyd helst þróað og beitt aðferðinni. Hún er náskyld Begriffsgeschichte, nema hvað enskir hugmyndasagnfræðingar og heim-

„krossgötuarð“ er notað um orð sem dregur saman ólíka merkingarþræði og er opið fyrir mismunandi notkun og merkingum – það stendur á krossgötum og getur tekið ólíkar stefnur.¹⁴ Til að tengja við fyrnefndu aðferðirnar má segja að á krossgötunum sé orðið um það bil að verða grunnhugtak og að það nái þessari stöðu þegar það er dregið fram eða orðað í deilum um yfirráð yfir þekkingu. Ég mun ekki gera tilraun til að beita þessum aðferðum kerfishundið á efniviðinn hér á eftir en hins vegar er umfjöllunin undir áhrifum af þessum ólíku en skyldu aðferðum við greiningu orða og hugtaka í sögulegu samhengi. Allar þessar aðferðir eru gagnlegar þar sem þær tengja sögu hugmynda við notkun orða og draga úr hættunni á að við heimfarum seinni tíma hugmyndir upp á tímann sem við erum að rannsaka.¹⁵ Það má sjá hvernig *historia* og *filosofia* fá einstaka stöðu í deilum um yfirráð yfir þekkingu, þar sem þau eru notuð til að setja orð á ólíkar nálganir á viðfangsefnið – ýmist í jákvæðri eða neikvæðri merkingu – og eiga bæði sammerkt að vera undir lok 5. aldar opin fyrir ólíkum túlkunum og merkingum. Þau fá hins vegar mun skýrari merkingu strax í kjölfarið. Á sambærilegan hátt leika „hið sögulega“ og „hið heimspekilega“ stór hlutverk í skilgreiningu fræðanna allt fram á okkar daga.

II

Historia (ἱστορία) og *filosofia* (φιλοσοφία) eru algeng orð í fornöld en finnast sjaldan í varðveisstum heimildum fyrir aldamótin 400. Stofninn í orðunum er hins vegar notaður til að mynda önnur orð sem gefur okkur fleiri heimildir að vinna með. Framan af virðast orðin notuð í frekar almennri merkingu sem síðan skýrist í deilum um innihald þeirra. Þau eru ekki notuð um afmarkaða eða skilgreinda hópa, ekki um ákveðna hugmyndafræði eða aðferðafræði eða á annan hátt sem gerir að við getum skilið þau sem heiti á fræðigreinum. Þó er nokkur munur á notkun þeirra í textunum sem ég tek fyrir. Greiningin er ekki tæmandi og ég mun einungis fjalla um valda texta

spekingar geta ekki sætt sig við að hugtök eigi sögu. Sjá Eiríkur Smári Sigurðarson, *Studies in Historia*, doktorsritgerð við Háskólan í Cambridge, 2003, bls. 10–14.

¹⁴ Hartog tekur *Ιστορία* sem dæmi um slíkt orð í François Hartog, *Le miroir d'Hérodote. Essai sur la représentation de l'autre*, 2. útg., Paris: Gallimard, 2001, bls. 27. Í dag gæti maður t.d. skoðað orðin „nýsköpun“ og „skapandi greinar“ í þessu ljósi – orð sem eru almennt notuð til að varpa jákvæðu ljósi á eitthvert fyrirbæri eða markmið án þess að maður átti sig á hvað þau í raun merkja. Það er freistandi að nota frasann „Vénus des carrefour“ um þessi orð.

¹⁵ Þetta er eitt af yfirlýstum markmiðum Begriffsgeschichte og Cambridgeskólans.

sem ég tel skipta mestu máli fyrir þessa sögu. Eins mun ég aðeins koma lítillega inn á orðsifafræði, en hún gefur mjög takmarkaða mynd og hefur stundum reynst villuljós. Þó orðsögulegur grunnur skipti vissulega máli er mikilvægara hvernig orðin mótað og fá merkingu í deilum um innihald þeirra og yfirráð yfir merkingarsviðum þeirra. Það skiptir mun meira máli fyrir skilning á fyrirbærnum sem við erum að fást við en hugmynd um einhvern raunverulegan eða ímyndaðan kjarna í upprunanum.

Þrátt fyrir takmarkaðar heimildir um notkun orðanna fyrir aldamótin 400 hefur ekki skort kenningar um að *historia* og *filosofia* sem fyrirbæri hafi verið til löngu fyrr. Í þessu felst þó lítið annað en yfirlægsla kenninga frá 4. öld yfir á eldri tíma. Fátt bendir til að þeir sem við lítum á sem heimspekinga fyrir tíma Platons hafi litið á viðfangsefni sitt sem *filosofia* eða að þeir sem rannsökuðu fyrri sögu og náttúruleg fyrirbæri hafi talið sig vera að fást við *historia*. Þessar hugmyndir eru yngri, en strax í fornöld eru þær heimfærðar á fyrri tíma.¹⁶ Platon og Aristóteles bera mikla ábyrgð á þessu en einnig sagnaritarar sem koma á eftir Þukydídesi og tilraunir þeirra til að skilgreina sögu og eðli sögulegrar þekkingar.

III

Orðið *historia* er byggt á stofninum *histōr* (ἱστωρ)¹⁷, sem sjálfur er settur saman með viðskýtinu –*tōr* og rótinni *w(e)id. Orðið *histōr* finnst í elstu varðveisitu textum og mjög víða í forngrískum bókmennitum (hjá Hómer, Hesíodosi, lýriska skáldunum, harmleikjaskáldunum og fleiri).¹⁸ Lengi vel var sú kenning á lofti að orðið merkti vitni og var sú merking aðallega dregin af rótinni, sem er rótin í *eidos*, *idea*, *video* og fleiri orðum sem tengjast sjón (að *vita* er af sömu rót).¹⁹ Peirri kenningu hefur að mestu

¹⁶ Andrea Wilson Nightingale hefur fært sannfærandi rök fyrir róttækri breytingu á skilningi manna á heimspeki sem á sér stað á 4. öld, í *Spectacles of Truth in Classical Greek Philosophy. Theoria in its Cultural Context*, Cambridge: Cambridge University Press, 2004. Samfara þessari breytingu á sér stað endurskoðun á fræðilegri hugsun fyrri alda þannig að 4. aldar skilningur er heimfærður á 5. og 6. öld. Þessi 4. aldar endurskoðun hefur verið hluti af skilningi okkar á fræðunum og sögu þeirra síðan.

¹⁷ Eða *istōr* (ἱστωρ), en það skiptir ekki máli í þessu samhengi. Orðið virðist upphaflega hafa verið ritað *fiōtōp*.

¹⁸ Sjá yfirlit og umfjöllun í Eiríkur Smári Sigurðarson, *Studies in Historia*, kafla I, sérstaklega bls. 20–24.

¹⁹ Pierre Chantraine, *Dictionnaire étymologique de la langue grecque. Histoire des mots*, Paris: Klincksieck, 2009. Samkvæmt honum er *histōr* „celui qui sait pour avoir vu ou appris“, sama rit, bls. 751.

leyti verið hafnað og virðist orðið *histōr* helst merkja dómarí eða eiga við um þann sem sker úr í deilum út frá einhverri óskilgreindri þekkingu, reynslu eða þjóðfélagsstöðu. Það er auðvitað mikill munur á því hvort *histōr* í *historia* sé vitni eða dómarí. Er sagan vitnisburður eða er hún dómur sagnaritarans um liðna atburði? Það er í raun opin spurning hvernig, og hvort, þessi *histōr* virkar.²⁰ Mín eigin niðurstaða úr fyrri rannsóknum er að *histōr* sé oftast notað um einstakling sem hefur ákvörðunar- eða úrskurðarvald í krafti þekkingar, reynslu eða stöðu sem er ekki nánar skilgreind. Það er hvorki sérstaklega tengt við sjón eða það að hafa upplifað eitthvað sjálfur né er það sérstaklega lagalegt.²¹ *Histōr* er meðal orða sem eru notuð um einstaklinga með þekkingu og völd án þess að eðli þessarar þekkingar sé nánar skilgreint.

Sagnfræði, sagnaritun, saga: allt eru þetta íslenskar útgáfur af því sem á grísku (og í mörgum nútímmánum) heitir *historia*.²² Það má lengi deila um uppruna og eðli sögunnar en hins vegar er einfalt að benda á hvenær saga sem *historia* kemur fyrst fyrir. Það er í upphafsorðum *Rannsókna Heródotosar*. Hann kynnir einfaldlega verkið sem *historiē* (sem er stundum þýtt sem rannsókn, sbr. nýleg íslensk þýðing á verkinu):²³ „Heródotos frá Halíkarnassos birtir hér rannsókn (ἱστορίης ἀπόδεξις) sína [...]“²⁴ Heródotos verður síðar þekktur sem faðir sögunnar og er það í vissum skilningi augljóslega rétt: Hann virðist bera höfuðábyrgð á því að fyrirbærið heitir þessu nafni allt fram á okkar daga.

Heródotos varð flijótt mjög vinsæll og víða þekktur og það sem hann gerði í verki sínu fékk einfaldlega nafnið *historia*. Í vissum skilningi þýðir það bara „verk eins og Heródotos skrifaði“.²⁵ Hann setti orðið í öndvegi

²⁰ Darbo-Peschanski er meðal þeirra sem gerir mikið úr lögspeklegrí merkingu orðsins. Fyrir henni er *historia* fyrsti dómur, þ.e. dómur um hvað telst til staðreynda, sem kallað síðan á seinni dóm eða túlkun. Catherine Darbo-Peschanski, *L'Historia. Commencements grecs*, Paris: Gallimard, 2007. Sjá líka „The Origin of Greek Historiography“, *A Companion to Greek and Roman Historiography*, ritstj. John Marincola, Malden, Oxford, Carlton: Blackwell Publishing, 2008, bls. 27–38. Túlkun Darbo-Peschanskis er gagnrýnd af Guido Schepens, „History and Historia. Inquiry in the Greek Historians“, sama rit, bls. 39–55.

²¹ Sjá bls. 20–24 í Eiríkur Smári Sigurðarson, *Studies in Historia*.

²² Um *historia* frá upphafi til Aristótelesar og lengra sjá sama rit og Darbo-Peschanski, *L'Historia*.

²³ Heródotos, *Rannsóknir*, þýð. Stefán Steinsson, Reykjavík: Mál og menning, 2013.

²⁴ Íslensk þýðing (lítillægð breytt) sama rit, bls. 11.

²⁵ James Romm, *Herodotus*, New Haven, London: Yale University Press, 1998, bls. 9.

í upphafi verksins og með því greindi hann sig skýrt frá fyrri frásögnum af fortíð manna sem byggðu á guðdómlegri innlifun.²⁶ Í verkinu sjálfa notar hann sagnorðið *historeō* (ιστορέω) nokkrum sinnum²⁷ og það er hluti af þrefaldri aðferðafræði hans: Sú þekking sem er tryggust kemur frá því sem hann sjálfur hefur séð, *autopsía* (αὐτοψία). Ef hennar nýtur ekki við þá reynir hann að fá frásagnir annarra sem hafa þekkingu, hann spyr einfaldlega fólk sem hann telur búa yfir þekkingu. Um þetta notar hann sögnina *historeō*. Síðasta ráðið er síðan lærð ágiskun eða *gnōmē* (γνῶμη). *Historia* vísar í þá þekkingu sem Heródótos fær við að spryra og líka almennt í þá þekkingu sem hann hefur aflað sér í verkinu – sbr. upphafssorðin. Spurningar og svör eru alls ekki gagnrýnislaus aðgerð heldur leitast Heródótos við að fá sem trúverðugasta sögu, hann talar jafnvel við fleiri en einn, ferðast milli staða til að finna heimildafólk, ber frásagnir saman við það sem hann sjálfur veit o.s.frv. Í 99. kafla bókar II kemur þetta skýrt fram. Fram að því hefur Heródótos sagt frá sögu, siðum og náttúru Egyptalands en í kjölfarið segist hann ætla að endursegja það sem hann heyrði hjá Egyptum (hann endursegir síðan elstu sögu Egypta). *Historia* á einungis við um fyrri hlutann, ekki þann seinni, og er hluti af þeim verkfærum sem hann beitir markvisst í leit að þekkingu og er ekki gagnrýnislaus endursögn eftir öðrum.²⁸

Samkvæmt heimspekingnum Herakleitosi, sem var uppi kringum aldamótin 500, var Heródótos þó alls ekki fyrstur til að leggja stund á *historia*, því Pýthagóras átti að hafa gert svo löngu fyrr. Herakleitos gagnrýnir Pýthagóras með þessum orðum (DK22B129; G22[F13]):²⁹

²⁶ Sjá t.d. Guido Schepens, „History and Historia: Inquiry in the Greek Historians“, bls. 40.

²⁷ Langflest tilvikin eru úr bók II, rannsóknum hans á sögu, siðum og náttúru Egyptalands. Sjá nánar bls. 70–89 í Eiríkur Smári Sigurðarson, *Studies in Historia*.

²⁸ Sjá Egbert J. Bakker, „The Making of History. Herodotus' *Historie Apodexis*“, *Brill's Companion to Herodotus*, ritstj. Egbert J. Bakker, Irene J. F. de Jong og Hans van Wees, Leiden, Boston, Köln: Brill, 2002, bls. 3–32. Bakker kallar þetta „critical listening“, bls. 15.

²⁹ Við tilvísanir í brot „forveranna“ vísa ég bæði í klassísku útgáfu Diels og Kranz, *Die Fragmente der Vorsokratiker*, ritstj. Hermann Diels og Walther Kranz, 6. útg., Zürich: Weidmann, 1951, og í nýja útgáfu Grahams, *The Texts of Early Greek Philosophy. The Complete Fragments and Selected Testimonies of the Major Presocratics*, ritstj. Daniel W. Graham, 2 bindi, Cambridge: Cambridge University Press, 2010. Þá fyrri merki ég sem DK og þá seinni sem G.

Pýthagóras, sonur Mnesarkhosar, stundaði rannsóknir (ιστορίη) meira en nokkur annar maður, og þegar hann hafði safnað saman þessum ritum (ἐκλεξάμενος ταύτας τὰς συγγραφάς) bjó hann til sína eigin visku (σοφίην), fjölfræði (πολυμαθίην) og fúsk (κακοτεχνίην).

Herakleitos er þekktur fyrir að spila með andstæður, fyrir viðsnúning og margræðni, og hér byrjar hann með því sem virðist vera jákvæð lýsing á visku Pýthagórasar sem hann snýr síðan upp í alvarlega gagnrýni. Herakleitos gagnrýnir Pýthagóras fyrir að hafa lært mikið, jafnvel byggt á eða stolið frá verkum annarra, og búið til sína eigin „visku“ án þess að skilja nokkuð. Í þessu felst kenning um að það þurfí meira til en lærðom – hvort sem hann er kallaður *historia* eða eitthvað annað – til að öðlast þekkingu og skilning.³⁰ Hér kemur *historia* fyrir sem lærðomur sem má byggja á – og er hugsanlega nauðsynlegt að byggja á – án þess að vera sjálfur fullnægjandi fyrir þekkingu og skilning – kenning sem við finnum í ólíkum myndum hjá Platon og Aristótelesi og víða annars staðar. Pessi tilvitnun er nokkrum áratugum eldri en Heródótos, eða frá því um eða upp úr aldamótunum 500.³¹

Rannsóknirnar sem Herakleitos vísar í eru ekkert frekar sagnfræðilegar en náttúrufræðilegar í okkar skilningi og oft er erfitt að greina á milli. Í einu af varðveisum brotum heimspekinsins Demokrítosar (DK68B299) lýsir hann rannsóknum sínum á hátt sem líkist Heródótosi.³² Þar segist Demokrítos hafa ferðast mest af samtínamönnum sínum og rannsakað mest (Ιστορέων τὰ μήκιστα), bæði séð og heyrt mest. Pessi texti hefur verið notaður til að sýna fram á líkindi með Demokrítosi og Heródótosi og er vísbending um hvernig „sögulegar“ rannsóknir áttu jafnt við um náttúruna og fortíðina.

³⁰ Eiríkur Smári Sigurðarson, *Studies in Historia*, bls. 25–27.

³¹ Um tímasetninguna sjá t.d. *The Texts of Early Greek Philosophy I*, ritstj. Daniel W. Graham, bls. 186.

³² Hugsanlega átti að segja Plat-Demokrítos, þar sem brotið er almennt ekki talið ekta og því er oftast sleppt þegar textar eftir hann eru gefnir út. DK (reyndar bara Diels (D), Kranz (K) var ekki sammála) fára rök fyrir því að textinn tilheyrí Demokrítosi en honum er sleppt í G. Hins vegar eru aðrir sem taka það alvarlega, m.a. Andrea Wilson Nightingale, *Spectacles of Truth in Classical Greek Philosophy*, bls. 67–68, og W. K. C. Guthrie, *A History of Greek Philosophy II. The Presocratic Tradition from Parmenides to Democritos*, Cambridge: Cambridge University Press, 1965, bls. 386–387. „In his curiosity and zest for travel he resembles a more scientific Herodotus“, sama rit, bls. 386.

Viðtekin skoðun á þróun vísinda í Forngríkklandi er að þar hafi empírиск vínsindi og heimspeki vaxið hlið við hlið. Þróun empíriskra vísinda virðist fyrst og fremst hafa átt sér stað innan læknisfræðinnar og í þessu samhengi er algengt að sjá fullyrðingar um að þar hafi *historia* verið stunduð af miklu kappi. Það er því merkilegt að sjá að þetta orð – eða skyld orð – kemur sjaldan fyrir í varðveittum hippókratískum verkum (og þau eru mörg varðveitt). Upphafssorð hippokratíská³³ verksins *Um fagið (de Arte)*³⁴ er ein undantekning og þau minna talsvert á upphafssorð Heródotosar – eru jafnvel stæling á þeim.³⁵ Höfundur vísar þar í „sýningar á einkaþekkingu“ (ιστορίης οἰκείης ἐπίδειξις) sem ábyrgðalausir einstaklingar bera á borð í stað raunverulegrar þekkingar. Hann er ekki að gagnrýna Heródotos heldur ónefnda andstæðinga í fræðunum sem hann telur ekki gera læknislístinni neitt gagn.

Ein markverðasta undantekningin er kafli í hippokratísku verkinu *Frá læknislist til forna* (VM)³⁶, sem ég fjalla um á eftir. Annars er það helst í þremur verkum sem fjalla um getnað og þroska fóstursins og virðast öll eftir sama höfund sem við finnum *historia* í notkun. Þetta eru verkin *Um sæðið (Genit)*, *Um eðli barnsins (NatPuer)* og *Sjúkdómar IV (Morb IV)*.³⁷ Hér er það hins vegar ekki *historia* sem við finnum heldur nafnorðið *historion* (ἱστορίον). Þetta orð merkir vísbending, sönnun, vitnisburður eða eitt-hvað því líkt (merkingarlega skylt orðunum *sameion* og *tekmerion*, sem eru algeng í merkingunni vísbending eða sönnun) og er í verkunum notað um

³³ Margir tugir læknisfræðilegra verka eru varðveittir undir nafni Hippókratesar, sem vafalítið var uppi seinni hluta fimmstu aldar. Það er hins vegar óvist að nokkurt þeirra sé eftir hann og því nota ég orðalagið „hippokratískt verk“.

³⁴ Ég set hefðbundin latnesk skammnefni á hippokratískum verkum innan sviga til að auðvelda auðkenningu þar sem lítil festa er á þýðingum titla þeirra á íslensku. Sama gildir um verk Aristótelesar, sem ég ræði seinna.

³⁵ Verkið er frá síðustu áratugum 5. aldar. Ágætis yfirlit yfir ritunartíma hippokratískra verka er nú í Elizabeth M. Craik, *The 'Hippocratic' Corpus. Content and Context*, London, New York: Routledge, 2015, en sjá líka sambærilegt yfirlit í Werner Golder, *Hippokrates und das Corpus Hippocraticum. Eine Einführung für Philologen und Mediziner*, Würzburg: Königshausen & Neumann, 2007.

³⁶ Eins og Valdimar Steffensen þyddi titil verksins um miðja síðustu öld. Sjá Valdimar Steffensen, *Hippokrates: fáðir læknislistarinnar. Saga hans og Hippokratísku læknislistarinnar ásamt þýðingum á við og dreif úr ritum hans*, Akureyri: Bókaútgáfan Norðri, 1946, bls. 53.

³⁷ Þessi verk eru sennilega frá 3. áratug 5. aldar og því með elstu hippokratísku verkunum.

vísbendingar sem fólk ætti að þekkja úr eigin hversdagslegri reynslu eða um mjög almennar rökfærslur sem allir ættu að skilja vandræðalaust.³⁸

Það er síðan Platon sem fyrstur afmarkar rannsóknir á náttúrunni og greinir frá heimspekinni og kallar *he peri fuseos historia*, í kafla úr *Fædoni* sem ég fjalla nánar um á eftir.

IV

Orðið *filosofía* er sett saman úr tveimur liðum, *filos* og *sofía*.³⁹ Ást (eða þrá) og visku. Þetta er eitt af mörgum orðum sem byrja á *filos* og tákna þrá manna eftir einhverju ákveðnu, silfri, heiðri eða öðru. Orðið og skyld orð, eins og *filosofos*, finnst sjaldan í varðveittum heimildum fyrir daga Platons og það virðist fyrst með honum að sú fræðagrein sem við þekkjum og höfum þekkt á Vesturlöndum sem heimspeki – *filosofía* – hafi orðið til undir þessu heiti. Í þessu felst miklu meira en bara sú staðreynd að eitt-hvert ákveðið orð sé notað um fræðigrein. Með nafngiftinni kemur skilningur á því hvað þetta fyrirbæri er sem afmörkuð fræðigrein og skilgreining sem afmarkar það frá öðrum fræðigreinum eða sviðum mannlegrar reynslu. Þegar Platon hefst handa við að marka sér heimspekina og gera Sókrates að fyrirmund allra heimspekinga þá gerir hann það í samkeppni við aðra sem líka vilja eigna sér heimspeki – *filosofía* – og gefa henni annað innihald en það sem Platon gerði. Tilraunir ræðuritarans Ísókratesar til að eigna sér „heimspekina“ eru vel þekktar. Ólíkt sófistum Platons (sérstaklega þeim Kalliklesi í *Gorgíasi* og *Prasymakkosi* í *Ríkinu*, sem töldu heimspeki Platons algerlega gagnslaust dútl, góða æfingu fyrir börn en hlægilega fyrir fullorðið fólk) þá vill Ísókrates frelsa „heimspekina“ frá Platoni og gera hana að gagnlegri iðju.⁴⁰ Hann gefur henni allt annað innihald en Platon. Deilan snýst ekki bara um skilgreiningu fræðigreina heldur líka um hvað telst vera gott líf og hvernig að öðlast það, um hvað það snýst að vera góð eða farsæl manneskja. Annað sem vekur athygli er sú staðreynd að þeir gera báðir tilkall til þess að nota nafnið heimspeki – *filosofía* – um sínar greinar, sem bendir til að það hafi í sjálfu sér verið talið

³⁸ Bls. 115–126 í Eiríkur Smári Sigurðarson, *Studies in Historia*. Því er oft haldið fram að höfundur noti orðið til að vísa í eitthvað sem hann hefur séð eða uppgötvað en svo er augljóslega ekki (þeir sem lesa textann svo virðast gefa sér að orð af stofnininum ιστώθο hafi eitthvað með sjón eða reynslu að gera).

³⁹ Orðsifjar þessara tveggja liða eru ekki þekktar.

⁴⁰ Góð umfjöllunin um þessa deilu er hjá Andreu Wilson Nightingale, *Genres in Dialogue*. Sjá sérstaklega kafla 1.

einhvers virði. Báðir ráku þeir skóla og væntanlega þótti gott fyrir ímynd skólans að vera „heimspeki-skólinn“ í Ápenu. Platon vann að lokum þennan slag, eins og við vitum, og þar með varð fyrirbærið heimspeki til eins og við þekkjum það.⁴¹ Í kjölfarið spruttu upp fleiri heimspekiskólar.

Díógenes Laertios (3. öld e.o.t.) og Síseró (1. öld f.o.t.) halda því hins vegar fram að Pýthagóras hafi fyrstur manna kallað sig *filosofos* og þetta virðist hafa verið almenn skoðun í fornöld – og reyndar langt fram á okkar daga. Heimildir þeirra virðast þó hafa verið óáreiðanlegar og ekki haegt að rekja lengra aftur en til 4. aldar, til Herakleidesar frá Pontos, samstarfsmanns Aristótelesar (Síseró vísar til Herakleidesar, sem upphaflega tilheyrði Akademíu Platons).⁴² Ólíklegt má teljast að hann hafi haft góðar heimildir fyrir því að Pýthagóras sjálfur hafi kallað sig *filosofos* (enda á Pýthagóras ekki að hafa skrifað neitt) og almennt er þetta ekki talin áreiðanleg heimild. Reyndar er ekki ólíklegt að Herakleides sjálfur hafi gefið Pýthagórasi þennan titil.⁴³

Elstu öruggu heimildir um notkun orða með stofninum *filosof* eru sagnaritararnir Heródótos (frá seinni hluta 5. aldar) og Þúkýdides (rit-aði sennilega sögu sína undir lok 5. aldar). Þeir nota reyndar ekki orðið *filosofía* og ekki heldur *filosofos* heldur sögnina *filosofeo*, þ.e. að filosofera eða „stunda heimspeki“. Heródótos lýsir því þegar Sólon fer í 10 ára ferðalag

⁴¹ „The discipline of philosophy emerged at a certain moment in history. It was not born, like a natural organism. Rather, it was an artificial construct that had to be invented and legitimized as a new and unique cultural practice.“ Sama rit, bls. 14. Sjá líka Michael Frede, „Figures du philosophe“, *Le Savoir Grec. Dictionnaire Critique*, ritstj. Jacques Brunschwig og Geoffrey Lloyd, Paris: Flammarion, 1996, bls. 39–56. Þess ber þó að geta að Isókrates lagði grunn að menntakerfinu og listunum sjó á miðöldum og hafði þannig gífurleg áhrif á menntakerfið allt fram á okkar daga.

⁴² Um Herakleides og tengsl hans við Akademíu Platons og Lýkeum Aristótelesar sjá Jørgen Mejer, „Heraclides' Intellectual Context“, *Heraclides of Pontus. Discussion*, ritstj. William W. Fortenbaugh og Elizabeth Pender, New Brunswick, London: Transactions Publishers, 2009, bls. 27–40. Tilvitnunin er úr (glötuðu) verki sem hétt *Um konuna sem hætti að anda* og segir frá kraftaverkum Empedóklesar (sem kom konunni til að anda). Síseró – í *Tusculanes* V, 3, 8 – segir söguna eftir Herakleidesi. Leon nokkur sprýr Pýthagóras um í hvaða fagi (arte) hann sé sérfræðingur. Pýthagóras svarar að hann sé ekki sérfræðingur í neinu fagi en hins vegar sé hann heimspekingur (sed esse philosophum). Í næsta kafla skýrir hann nánar hvað í því felst.

⁴³ „Meanwhile φιλοσόφος and φιλοσοφία are not attested with the Pythagoreans; hence the final stroke in the portrait of Pythagoras the philosopher evidently belongs to Heraclides.“ Leonid Zhmud, *Pythagoras and the Early Pythagoreans*, Oxford: Oxford University Press, 2012 [1994], bls. 430.

og heimsækir m.a. Lýdíukonunginn Krösos í Sardis. Krösos, sem var ríkasti og valdamesi maður í heimi, hittir Sólon og segir :

Jæja, minn aþenski vinur, ég hef heyrta mikið um visku þína og hversu viða þú hefur ferðast með þrá eftir visku (φιλοσοφέων).⁴⁴

Í grafræðu Períklesar, eins og Þúkýdides skrifar hana, segir Períkles um Áþeninga:

Við dýrkum fugurð án óhófs og spekina (φιλοσοφοῦμεν) án kveifarskapar.⁴⁵

Í báðum þessum tilvikum er greinilega um að ræða notkun orðanna í almennum merkingu um þá sem hafa áhuga á visku eða þekkingu og það er ljóst að hér er ekki verið að tala um skilgreindan og afmarkaðan hóp sem átti sameiginlegar forsendur fyrir þekkingu eða ástundun (allir Áþeningar, eða allir aþenskir borgarar, eru ekki skýrt afmarkaður hópur).

Þrír textar úr ranni sófistanna vitna um notkun *filosof*-orða og skilning á þeim. Gorgías, sem var virkur um og upp úr miðri 5. öld en lifði til um 380, vitnar í riti sínu, *Lofgjörð Helenu* (DK82B11; G49[F10]), í heimspekinga og mælskukeppnir þeirra (φιλοσόφων λόγων ἄμιλλας, ἐν αἷς δείκνυνται καὶ γνώμης τάχος) og tekur sem dæmi um mátt orðsins (sem hann sjálfur kenndi og þjálfaði fólk í) (kafli III, 13). Orðin virka á sálina eins og lyf á líkamann og hann tekur mælskukeppnir heimspekinga sem dæmi um hversu auðveldlega fólk getur skipt um skoðun í orðaskaki. Markmið keppninnar, samkvæmt Gorgíasi, er að sviðsetja skjóta hugsun. Þetta er innihaldsríkasta lýsingin á *filosofía* eða *filosofos* sem við höfum fyrir daga Platons: Að sýna eða sviðsetja skjóta hugsun.

Pródikos, sem starfaði seint á 5. öld, vísar í menn sem finna sig milli heimspeki og stjórnmalá og eiga hæfilega mikið af hvoru tveggja. Pessi til-vísun er skólabókardæmi um hversu margslungnar og marglagar heimildir af þessu tagi geta verið. Tilvitnunin er fengin úr verki Platons *Eupýdemos* (305c6–8; d7–8) og er þar lögð í munn Pródikosar. Sókrates talar og segir (DK84B6; G33[F5]):

⁴⁴ Heródótos *Rannsóknir* I, 30, 2.

⁴⁵ Þúkýdides, *Saga Pelopseyjarstríðsins*, þýð. Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Sögu-félagið, 2014, II. 40.

Þetta eru mennirnir, Kríton minn, sem Pródikos segir að séu á **mörkum þess að vera heimspekingar og stjórnálamenn** (μεθόρια φιλοσόφου τε ἀνδρὸς καὶ πολιτικοῦ), og þeir telja sig vera vitrasta af öllum. ... Þeir telja sig vera mjög vitra, af einhverri ástæðu. Því þeir hafa hæfilega mikið af heimspeki og hæfilega mikið af stjórnálum (μετρίως μὲν γὰρ φιλοσοφίας ἔχειν, μετρίως δὲ πολιτικῶν).

Verkið er skrifað af Platoni, væntanlega snemma á 4. öld og áður en Platon fer í alvöru að eigna sér og skilgreina *filosofía*.⁴⁶ Pródikos er hér hugsanlega að gagnrýna Ísókrates (Pródikos á að hafa verið kennari hans) en einnig gæti Platon verið að leggja Pródikosi þessi orð í munni og þá jafnvel sem gagnrýni á Ísókrates og gagnrýni hans á *filosofía*. Um þetta getum við ekki verið viss – við höfum engar aðrar heimildir fyrir því hvað Pródikos gæti hafa sagt um fólk sem finnur sig á mörkum heimspeki og stjórnála.⁴⁷

Að lokum er verkið *Dissoi logoi* (*Tvöföld rök*) (DK90; G19B), sem er sýnibók um hvernig fára má sannfærandi rök með og á móti hverju sem er. Verkið er varðveitt án höfundar en virðist tilheyra einhverjum sófistanna og geta verið frá því um aldamótin 400 – þó það gæti líka verið yngra. Fyrsti kafli fjallar um gott og vont og byrjar með staðhæfingu um að meðal þeirra sem leggja stund á heimspeki (ὑπὸ τῶν φιλοσοφούντων) sé deilt um hvað sé gott og vont (I, 1). Í níunda og síðasta kafla (IX, 1) er því haldið fram að minni sé gott bæði fyrir heimspeki og aðra visku (ἐς φιλοσοφίαν τε καὶ σοφίαν).

Enginn af þessum textum sýnir að *filosofía* hafi verið notað um afmarkaðan hóp eða skilgreinda aðferð við að öðlast þekkingu eða visku – reyndar kemur orðið *filosofía* varla fyrir í þessum textum heldur sögnin *filosofeo* og nafnorðið (eða lýsingarorðið) *filosofos*. Hins vegar er ljóst, og verður enn skýrara á eftir þegar við skoðum kafla úr hippokratískra verkinu *Um læknislist til forna*, að þegar um aldamótin 400 var *filosofía* komið í umferð

⁴⁶ Verkið er talið vera eitt af elstu verkum Platons. Það er ekki fyrr en seinna að Platon leggur áherslu á skilgreiningu heimspeki og þá undir nafniu φιλοσοφία. Sjá kafla 2 í Andreu Wilson Nightingale, *Genres in Dialogue*.

⁴⁷ „This reference seems to be a veiled assessment of Isocrates' project.“, bls. 801 í *Texts of Early Greek Philosophy*, ritstj. Daniel W. Graham. Sjá líka Robert Mayhew, *Prodicus the Sophist. Texts, Translations, and Commentary*, Oxford: Oxford University Press, 2011. Mayhew telur enga leið að meta út frá þessari heimild hvað Pródikos sjálfur taldi um efnið, sjá bls. 147. Bæði DK og G telja feitletruðu orðin koma frá Pródikosi sjálfum og merkja textann þannig í útgáfum sínum. Ég tel mjög hæpið að álykta sem svo.

sem orð yfir lerdóm eða einhvers konar ástundun þekkingarleitar sem sumum þótti eftirsóknarverð en aðrir fyrirlitu. Það vekur líka athygli, og þetta á bæði við um *historía* og *filosofía*, að sagnorðsmyndir orðanna virðast algengari framan af. Nafnorðin ná fótfestu seinna.

V

Í fjórum mikilvægum textum frá 5. og 4. öld er hugtökunum *historía* og *filosofía* spilað saman á ýmsan hátt. Textarnir eru eitt af brotum Herakleitosar, kafli úr verkinu *Um læknislist til forna* (VM), kafli úr *Fedoni* Platons og að lokum kafli úr *Um skáldskaparlistina* (Poet) eftir Aristóteles. Textarnir varpa allir ljósi á hvernig þessi hugtök mótuðust og meitluðust í samspili hvort við annað.

Í fyrsta textanum eru það reyndar ekki *historía* og *filosofía* sem koma saman heldur *histōr* annars vegar og menn sem eru *filosofoi* hins vegar, þ.e. heimspekilegir menn eða menn sem þrá visku. Brotið, sem er varðveitt hjá guðfræðingnum og kirkjuföðurnum Klemensi frá Alexandríu (2. öld e.o.t.), er svona (DK22B35; G32[F19]):

Því samkvæmt Herakleitosi er **mjög nauðsynlegt mönnum sem þrá visku** (φιλοσόφους ἄνδρας) **að vera rannsakendur margra hluta** (πολλῶν ἵστορας).

Þetta brot er um margt athyglisvert og vil ég nefna þrennt. Í fyrsta lagi: Þetta er ekki bein tilvitnun og það er með öllu óvist og raunar mjög umdeilt hversu mikið af því sem Klemens heldur fram komi orðrétt frá Herakleitosi. Sérstaklega er deilt um hvort *filosofoi andres* (menn sem þrá visku) sé haft eftir Herakleitosi eða ekki. Áherslan er greinilega á að einhverjir séu „rannsakendur margra hluta“.⁴⁸ Í öðru lagi: Ef við teljum orðin *filosofoi andres* koma frá Herakleitosi þá virðist merkingin vera frekar almenn og eiga við um þá sem þrá visku í einhverjum óljósum skilningi. Hann er ekki að tala um ákveðinn hóp sem kallað sig eða má kalla *filosofoi* (hvernig svo sem við berum kennsl á eða skilgreinum hann) í þessu broti.

⁴⁸ Flestir útgáfendur telja að φιλοσόφους ἄνδρας komi frá Herakleitosi sjálfum. Helsta undantekningin er Miroslav Marcovich, *Heraclitus. Greek text with a short commentary*, 2. útg., Sankt Augustin: Academia Verlag, 2001. Hann fylgir hins vegar langri og magnaðri hefð frá Wilamowitz, Deichgräber, Reinhardt og Burkert (sjá tilvísanir í sama riti bls. 27) sem allir hafa fært rök fyrir því að φιλοσόφους ἄνδρας komi frá Klemensi.

Petta rímar vel við það sem var til umræðu hér að framan. Í þriðja lagi: Pað er áhugavert að sjá hér að þeir sem eru *filosofoi*, þ.e. unnendur visku (hvort sem orðið var notað um þá af Herakleitosi eða ekki), þurfa að rannsaka marga hluti – þurfa að vera *histores*. Pað kemur hins vegar fram í öðru broti Herakleitosar (DK22B129; G22[F13] sem var til umræðu hér að framan) að það að læra og vita margt sé eitt og sér lítils virði. Annars staðar (DK22B40; G18[F10]) nefnir hann ljóðskálðið Hesíodos, sagnaritarann Hekataios og heimspekingana Pýþagóras og Xenófanes sem dæmi um menn sem lærðu mikið en skildu ekki neitt.

Sú heimild um notkun orðsins *filosofía* sem er líklega elst er eitt af lykilverkum sögu læknisfræðinnar, *Frá læknislist til forná*, og virðist vera frá því um 420.⁴⁹ Í kafla 20 (1–2) segir:

Sumir læknar og vitringar (ἰητροὶ καὶ σοφισταὶ) segja að það sé ómögulegt fyrir hvern þann sem ekki veit hvað maður (ἄνθρωπος) er að hafa þekkingu á læknislistinni heldur verði sá sem hefur í hyggju að lækna menn á réttan hátt að læra þetta. En þessi fræði (λόγος) þeirra leiða út í heimspeki (φιλοσοφίη) og þau tilheyra Empedóklesi eða öðrum sem hafa skrifnað um náttúruna (φύσις), hvað maðurinn er frá grunni (ἀρχή), hvernig hann varð upphaflega til og úr hverju hann er saman settur. En míni skoðun er í fyrsta lagi þessi: allt það sem einhver læknir eða vitringur hefur sagt eða skrifnað um náttúruna held ég að tilheyri síður læknislistinni (τὴν ἰητρικὴν τέχνην) en skáldskapnum. Og ég held að skýra þekkingu á náttúrunni sé hvergi annars staðar að fá en frá læknislistinni (ἰητρική) og að það verði mögulegt að læra þetta þegar einhver hefur skilið læknislistina á réttan hátt. En þangað til virðist mér það fráleitt. Ég á við þessa þekkingu (ταυτὴν τὴν ιστορίην), að vita hvað maðurinn er, af hvaða orsökum hann verður til og annað slíkt á nákvæman hátt.

Þessi texti gefur mikilvæga innsýn í deilur um eðli þekkingar og um eðli vísindanna í fornöld. Deilan er dregin skýrum línum. Ég vek sér-

⁴⁹ Mjög skiptar skoðanir hafa verið um aldur þessa verks og hefur umræðan litast af mati á því hvernig verkið tengist Platoni. Því hefur verið haldið fram að verkið sé yngra en lykilverk Platons en þá kenningu stendur varla nokkur við í dag. Sjá Jacques Jouanna, *Hippocrate. De l'ancienne médecine II*, 1, Paris: Les belles lettres, 1990, bls. 84–85; 63–64 (og bls. 74–81 um tengslin við kennningar Platons) og Mark J. Schiefsky, *Hippocrates. On Ancient Medicine*, Leiden, Boston: Brill, 2005, bls. 63–4. Ég geng út frá því varfærna mati að verkið sé frá því um 420 en ekki mikið eldra.

staka athygli á þrennu. Í fyrsta lagi tökum við eftir að höfundur kennir Empedókles við *filosofía* og segir að hún, þ.e. heimspekin, leitist við að skýra sjúkdóma og heilbrigði með tilvísun í almenn lögmál heimsins. Með því á hann við t.d. frumefni og krafta sem virka í heiminum, í tilviki Empedóklesar jörð, vatn, loft og eld ásamt ást og hatri sem virka sem kraftar á frumefnin. Þessar kenningar eru bara tilgátur (hýpotesur) og tilheyra ekki læknislistinni (hann byrjar verkið með því að gagnrýna tómar eða nýjar tilgátur⁵⁰). Í öðru lagi gerir hann skýran greinarmun á þessu og þeirri þekkingu sem læknisfræðin getur aflað – en hefur enn ekki aflað – og hann kallar *historiē*.⁵¹ Þessi þekking, sem verður möguleg ef læknisfræðin er stunduð eins og vera ber, er líka þekking á orsökum en í þessu tilviki eru það ekki þær orsakir sem heimspekingarnir fást við og stjórna gangi alheimsins heldur þær orsakir sem eiga við um manninn og stjórna heilsu hans – þ.e. líkamsvessarnir. Í þriðja lagi hafnar hann *filosofía* sem hreinum getgátum. Kenningar heimspekinga eins og Empedóklesar eru engu betri en skáldskapur, í það minnsta í samhengi læknislistarinnar. Þær byggja á tilgátum sem ekki er hægt að athuga eða prófa á nokkurn hátt, tilgátum sem, að mati höfundar, byggja hvorki á né fá stuðning af reynslu.

Hér erum við greinilega með skilning á *filosofía* sem nálgast afmörkun hóps með sameiginlega aðferðafræði.⁵² Höfundur verksins telur heimspekinga leita skýringa með getgátum – með tilgátum, *hýpotesum* – en læknislistina (og maður ímyndar sér „vísindin“ almennt) byggja á athugunum í gegnum lengri tíma sem birta okkur smáum saman orsakasamhengi náttúrunnar. Í tilviki sjúkdóma og heilbrigðis, hvað veldur ákveðnum sjúk-

⁵⁰ Textinn á þessum stað er umdeildur og ekki víst hvort um „tómar“ eða „nýjar“ tilgátur er að ræða.

⁵¹ Það er reyndar ósamkomulag meðal fræðimanna um hvernig að lesa textann á þessum stað. Ég fylgi Jacques Jouanna, *Hippocrate. De l'ancienne médecine II*, 1 og öðrum að lesa ταυτὴν τὴν ιστορίην sem vísun í þá tegund náttúrurannsókna sem höfundurinn er að tala fyrir (nánar að hann sé með þessu orðalagi að vísa í τοῦτο tveimur línum ofar), en í nýlegri útgáfu Marks Schiefsky, *Hippocrates. On Ancient Medicine*, er farin önnur leið því hann les ταυτὴν τὴν ιστορίην sem hluta þess sem höfundur gagnrýnir. Schiefsky skilur textann bannig að höfundur sé að gagnrýna heimspekinga og náttúrufræðinga sem einn hóp, þ.e. bæði þá sem leggja stund á φιλοσοφία og ιστορία, og vilji setja læknislistina í staðinn (ad loc.). Þessi túlkun er frekar langstótt.

⁵² Mér virðist Nightingale ganga of langt í kenningu sinni um að fyrir daga Platons hafi ekki verið skilningur á *filosofía* sem afmörkuðu svíði rannsókna, sjá *Genres in Dialogue*, kafli 1. Textar eins og þessi – ásamt Gorgíasi og *Dissoi logoi* – sýna að það var farið að líta á *filosofía* og *filosofoi* sem fræðasvið eða hóp sem mátti greina frá öðrum tegundum rannsókna og hópa, þó innihaldið hafi um margt verið óljóst.

dómum og hvað læknar þá. Við ástundun læknislistarinnar söfnum við reynslu og í gegnum hana öðlumst við skilning á orsökum sjúkdóma.

Priðji textinn er nokkrum áratugum yngri en hippokratíski textinn. Hér leggur Platon Sókratesi stutta sjálfsævisögu í munn. Þar sem hann færir rök fyrir ágæti heimspekkinnar spilar hann henni gegn náttúrurannsóknum, *he peri fuseos historía*⁵³, og dregur fram galla slíkra rannsókna. Í *Fædoni* segir Sókrates (96a6–100a7):⁵⁴

Taktu þá eftir! Pregar ég var ungur, Kebes minn, mælti hann, var ég ákaflega fíkinn í þann fróðleik, sem menn nefna náttúrufræði (ἢ περὶ φύσεως ἴστορια). Mér virtist dásamlegt að vīta orsakir allra hluta, hvers vegna hlutur verður til, hvers vegna hann ferst og hvers vegna hann er til. (96a6–10) [...] Ég var nú uppgefinn á þessum rannsóknum, mælti hann, og mér virtist þá ég ætti að varast, að fyrir mér færi eins og þeim, sem virða fyrir sér sólmyrkva og rannsaka þá. [...] Þess vegna virtist mér ég ætti að snúa mér að kenningum og reyna að finna sannleikann í rökum þeirra. [...] Í hverju tilviki geng ég að þeirri kenningu (ὑποθέμενος) vílsru, sem ég tel traustasta, og síðan hef ég allt fyrir satt, sem mér virðist koma heim við hana, hvort heldur um orsakir er að ræða eða hvaðeina annað. (99d4–100a7)

Hér sjáum við hvernig tveimur grundvallarhugmyndum um þekkinguna og öflun hennar er spilað hvorri gegn annarri. Önnur snýst, í grófum dráttum, um að afla þekkingar á náttúrunni í gegnum reynslu og leita efnislegra orsakaskýringa (sbr. *Um læknislist til fornā*), hin snýst um að leita altækra kenninga um orsakir heimsins og ástæður þess að hann er eins og hann er með skynsemina að vopni – þ.e. með tilgátum (hýpotesum). Um fyrra fyrirbærið er haft orðið *historía* en um hið síðara orðið *filosofía*.⁵⁵

⁵³ Orðalagið kemur líka fyrir hjá Aristótelesi, í *Um bimininn (Cael)* 298^{b2}, þar sem hann segir að „náttúrufræði“ (*he peri fuseos historía*) hafi fyrst og fremst líkama (*sōmata*) sem viðfangsefni. Platon virðist fyrstur til að kalla náttúrufræði þessu nafni.

⁵⁴ Íslensk þýðing úr Platoni, *Síðstu dagar Sókratesar*, þýð. Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason, Lærðómsrit Bókmennatafélagsins, Reykjavík: Hið íslenska bókmennatafélag, 2011.

⁵⁵ Reyndar er *filosofía* ekki notað á þessum stað í textanum en *Fædon* fjallar að miklu leyti um *filosofía* og eðli hennar og er ein skýrasta tilraun Platons til að skilgreina hvað *filosofía* er. Pannig kynnir Fædon t.d. samræðuna sem svo að Sókrates hafi eytt síðasta degi sínum í að ræða um *filosofía* (59a). Það er því augljóst að hér er verið að bera *he peri fuseos historía* saman við *filosofía*.

Hugtakanotkunin er svipuð og í hippokratískra verkinu. Þar er *historía* rétta leiðin en *filosofía* sú ranga en hjá Sókratesi Platons er því öfgut farið. Munurinn felst ekki fyrst og fremst í skilningi á því hvað felst í lykilhugtökunum heldur í mati á virði og hlutverkum þeirra.

Fjórði og síðasti textinn sem er mikilvægur fyrir mat á samspli *historía* og *filosofía* er úr verki Aristótelesar *Um skáldskaparlistina*. Í kafla 9, þar sem hugtakið „sagnfræðingur“ kemur fyrst fyrir í varðveittum heimildum, segir (1451^a38–1451^b7):⁵⁶

En munurinn á sagnfræðingi (ἰστορικός) og skáldi (ποιητής) er ekki í því fólginn, að annar rití í bundnu, en hinn í óbundnu máli (það mætti færa rit Heródótosar í bundið mál, og þau teldust jafnt til sagnfræði (ἰστορία) háttbundin sem háttlaus). Það sem skilur á milli er, að annar segir frá því sem hefur gerst, hinn frá því sem gæti gerst. Af þeim sökum er skáldskapurinn (ποίησις) heimspekilegri (φιλοσοφώτερον) og æðri en öll sagnfræði (ἰστορίας), en skáldskapurinn (ποίησις) tjáir fremur hið almenna (τὸ καθόλου), sagnfræðin hið einstaka (τὰ καθ' ἔκαστον).

Í framhaldinu tekur hann sem dæmi frásagnir af því sem Alkibíades gerði (og Púkýdíðes skrifaði um en ekki Heródotos) og síðar, í kafla 23, segir hann að sagan segi ekki heila sögu með byrjun, miðju og endi heldur taki hún fyrir ákveðið tímabil og allt sem gerðist á því. Þessi texti hefur oft verið túlkáður þannig að Aristóteles sé að halda fram algerum aðskilnaði sögu og heimspeki, að sagan fjalli um hið einstaka og heimspekin um hið almenna og að þetta sé eðlismunur þeirra. Það er hins vegar mikilvægt að sjá – eins og margir hafa bent á – að hér er um samanburð að ræða og hann felst ekki í að bera saman sögu og heimspeki heldur ljóðlist og sögu til að skýra eðli ljóðlistarinnar. Ljóðlistin er *heimspekilegri* en sagan, sem þýðir væntanlega að sagan er minna heimspekileg en ljóðlistin þó hún sé vissulega heimspekileg að einhverju leyti.⁵⁷

⁵⁶ Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*, þýð. Kristján Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmennatafélag, 1976.

⁵⁷ Sjá klassískar greinar eftir Kurt von Fritz, *Aristotle's Contribution to the Practice and Theory of Historiography. Howison Lecture 1957*, Berkeley, Los Angeles: University of California Press, 1958 og F. W. Walbank, „History and Tragedy“, *Oxford Readings in Classical Studies. Greek and Roman Historiography*, ritstj. John Marincola, Oxford: Oxford University Press, 2011 [1960], bls. 389–412.

Í textunum hér að framan sjáum við hvernig hugtökunum *historía* og *filosofía* er teftt hvoru gegg öðru í umræðum og deilum um eðli þekkingar og vísinda. Þetta samspil heldur áfram en á breyttum forsendum eftir að hugtökin hafa fengið mun ákveðnari merkingu en þau höfðu fram að fyrstu áratugum 4. aldar. Þegar Aristóteles þróar „sögulegar“ rannsóknir áfram í náttúrufræði sinni (þ.e. í dýrafræðinni) þá leggur hann ríka áherslu á að þó hið almenna, þ.e. hið heimspekilega, sé verðmætar en hið einstaka þá séu rannsóknir á náttúrufyrirbærum líka verðmætar þar sem þær gefa miklu meiri og nákvæmari þekkingu.⁵⁸ Rannsóknir á sálinni eru göfugar bæði vegna þess að viðfangsefnið, þ.e. sálín, er göfugt og vegna þess að rannsóknir á sálinni geta leitt af sér nákvæmar niðurstöður⁵⁹ – sálín er, skv. Aristótelesi, form hins lifandi líkama og því er *Dýrafraðin* (*HA*) í raun hluti af rannsóknum á sálinni. Hann gerir tilraun til að smíða eina heildstæða ví vindakenningu sem nær bæði yfir *historía* og *filosofía*.

VI

Hér að framan hef ég gert tilraun til að greina mótu n fræðigreinanna sögu og heimspeki út frá notkun orðanna *historía* og *filosofía* fram á fjórðu öld, þ.e. til Platons og Aristótelesar. Greiningin er takmörkuð við vestræn hugtök og þróun hugtakanna sagnfræði og heimspeki á Vesturlöndum. Þetta er að vissu leyti óhjákvæmilegt þar sem spurningin um þróun sagnfræði og heimspeki annars staðar í heiminum er frá okkar, vestræna, sjónarholí ávallt bundin við notkun okkar hugtaka og spurningin um hvort og hvernig sagnfræði og heimspeki þróuðust í Kína, Indlandi og víðar er á sama tíma alltaf spurning um hvort það sem við finnum þar sé yfirhöfuð sagnfræði og heimspeki eða hugsanlega eitthvað allt annað.⁶⁰ Í þessari vestrænu sögu eru skýr skil um aldamótin 400. Fram að þeim tíma voru hugmyndir um þessar greinar mun óljósari og fjölbreytilegri en síðar varð. Það má færa rök fyrir því að samruni orðanna og hugtakanna, sem á sér stað um þetta leyti, breyti umræðunni. Eftir það varð illmögulegt að fjalla um sagnfræði og heimspeki án þess að nota orðin *historía* og *filosofía*, eða einhverja mynd þeirra. Pessu fylgdi auðvitað ekki sameiginlegur skilningur á merkingu hugtakanna og enn þann dag í dag er ekkert samkomulag um hvað sagnfræði eða heimspeki eiginlega eru. Það sem einum finnst faglegt finnst

⁵⁸ Sjá sérstaklega frægan kafla í *Dýrapörtum* (*PA*), I, 5.

⁵⁹ *Um sálina (de Anima)*, I, 1.

⁶⁰ Sjá umföllun um þetta hjá Lloyd, *Disciplines in the Making*, passim.

öðrum ómerkilegt. En hugtökin voru komin til að vera og þau höfðu áhrif á alla umræðu og faglega þróun eftir það.

Framlag Herodótosar og Platons í þessari sögu er afgerandi. Heródotos leggur sitt af mörkum með því að skrifa verk sem nær mikilli útbreiðslu og hann kennir við *historía*. Platon með því að taka sér fyrir hendur að skilgreina hvað *filosofía* er og greina hana frá öðrum formum þekkingarleitar, þar á meðal *historía*. Umræða og þróun utan hefðbundins ramma heimspeki og sagnaritunar er ekki síður mikilvæg og sérstaklega innan læknisfræðinnar. Skilgreiningar og skilningur hugtakanna mótaðist í samspili þeirra ekki síður en í glímunni við viðfangsefnin sem þau afmarka. Meðal þess sem er áhugavert við þessa sögu er einmitt hvernig hugtökin eru notuð gagnkvæmt til að skýra og afmarka merkingu hvors annars. Í sumum tilvikum eru svo gerðar tilraunir til að spryrða þau saman í eina heild (þetta er einna skýrast hjá Aristótelesi og sumum sagnaritum á 4. öld og síðar – sem er utan ramma þessarar greinar). Hið sögulega og hið heimspekilega verða þannig órjúfanlegir hlutar einnar heildar.⁶¹

ÚTDRÁTTUR

Í ljósi sögu og heimspeki

Tvær tegundir rannsókna á manninum

Í þessari grein er fyrsta saga sagnfræði og heimspeki sögð í gegnum notkun orðanna *historía* og *filosofía* frá upphafi í Forngríkklandi til fjórðu aldar f.o.t. Þá höfðu orðin öðlast sess sem nöfn á tveimur aðskildum – en umdeildum – fræðigreinum. Sérstök áhersla er lögð á hvernig orðin voru notuð gagnkvæmt til að skilgreina merkingu og áhrifasvæði hvors annars. Í gegnum túlkun texta eftir frumherja heimspekkinnar, sófista, sagnaritara, lækna, heimspekinga og fleiri er gerð grein fyrir því hvernig saga og heimspeki eru í eðli sínu nátengd.

Lykilord: Saga, heimspeki, fræðigreinar, hugtök, hugmyndasaga

⁶¹ Þessi grein er að hluta til byggð á fyrirlestri á Hugvísindapindi 16. mars 2013 og skrifuð í París haustið 2015 með styrk úr Launajóði sjálfstætt starfandi fræðimanna (styrkur nr. 15449) í námsleyfi frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Ég þakka Svavarí Hrafni Svavarssyni, Gunnari Harðarsyni, ónefndum ritrýni og ritstjórum *Ritsins* fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar.

ABSTRACT

Historical and philosophical knowledge

Two kinds of research on human nature

The paper explores the use of the vocabulary of *historia* and *philosophia* from the beginning in Ancient Greece to the fourth century BCE, when the terms gained status as names of two distinct – though highly debated – disciplines. It focuses in particular on how the terms were used reciprocally to define their respective meanings and to delineate their spheres of operation. By interpreting texts by the Presocratics, Sophists, historians, physicians, philosophers and others it tells a story of how history and philosophy are essentially connected.

Keywords: History, philosophy, disciplines, concepts, history of ideas

STEFÁN SNÆVARR

Viðtök og vísindi

Um Thomas Kuhn

Ekki er ofögum sagt að Thomas Kuhn (1922–1996) hafi haft mikil áhrif á vísindaheimspeki og menningarumræðu vestrænna manna. Samt er engin ástæða til að ofmeta frumleika hans, kannski var hann réttur maður á réttum tíma. Á tíma þegar raunspekin og jafnvel Popperisminn virtust hafa runnið skeið sitt á enda. Langfrægasta rit Kuhns, *The Structure of Scientific Revolutions*, kom nýverið út í íslenskri þýðingu Kristjáns Guðmundar Arngrímssonar og nefnist *Vísindabyltingar*.¹ Eyja Margrét Brynjarsdóttir ritar inngang.² Þessi grein míni er skrifuð í tilefni þýðingarinnar og mun ég hefja mál mitt á því að gera almennt grein fyrir kenningum Kuhns. Ég læt mér ekki nægja að ræða þær kenningar sem hann setur fram í *Vísindabyltingum*, heldur fjalla líka um þær sem síðar komu. Fyrst ræði ég kenningu hans um ósammælanleika (e. *incommensurability*), þ.e. kenningu um að ókleift geti reynst að bera saman vísindaleg kenningakerfi þar eð sameiginlegan mælikvarða vanti. Því sé illmögulegt að kveða á um hvaða kenningakerfi sé næst sannleikanum. Að því loknu sný ég mér að hugtakinu um paradigma. Kristján þýðir „paradigm“ sem „viðmið“. Ég kys að nota nýyrði Þorsteins Vilhjálmssonar „viðtak“ (hið viðtekna, plús viðmið, plús hugtak).³ Eins og lesendur munu sjá þá geymir viðtakið bæði vísindaleg viðhorf (sjónar-mið), viðteknar skoðanir vísindamanna, viðmið (t.d. skóladæmi), og vísindaleg hugtök. „Viðtak“ nær þessum margvíslegu blæbrigðum „paradigm“ betur en „viðmið“.

¹ Thomas Kuhn, *Vísindabyltingar*, þýð. Kristján Guðmundur Arngrímsson, Reykjavík: HÍB, 2015. Hér verður bæði vitnað í frumútgáfuna og þýðinguna.

² Eyja Margrét Brynjarsdóttir, „Inngangur“, í: Thomas Kuhn, *Vísindabyltingar*, bls. 9–49.

³ Sjá t.d. Þorsteinn Vilhjálmsson, „Vísindasagan í heimi fræðanna“, *Skírnir* 2/1989, bls. 382–406, hér bls. 386, útskýring aftanmáls á bls. 401.